

X

Hvolsá og Staðarhólsá.

Þann 11/7 1979 og 26-27/6 1980 fór fram á vegum Veiðimálastofnunar athugun á Staðarhólsá og Hvolsá.

Botngerðin var athuguð, auk þess sem að rafveitt var í ánum. Eru rafveiðistaðirnir merktir inn á mynd 1 sem sýnir árkerfið í stórum dráttum.

Um lifnaðarhætti laxins.

Laxinn er fyrstu ár ævi sinnar í fersku vatni. Á tveimur-sex árum nær hann 11-16 sm. lengd og heldur til sjávar að vori, þá sem gönguseiði. Í sjónum er laxinn 1-3 ár. Þar er gnægð fæðu, hann vex ört og gengur síðan aftur upp í ána sem hann ólst í til að hrygna, þá 2-10 kg. að þyngd. Hann hrygnir á malarbotni þar sem hann grefur hrognin niður. Þar verður straumur að leika um hrognin til að sjá þeim fyrir súrefni og má botninn því ekki vera mjög sandblendinn. Eftir hrygninguna deyr u.þ.b. 90% af laxinum, annaðhvort í ánni sjálfri eða þegar til sjávar er komið, enda fer mikil orka í hrygninguna og laxinn nærast lítið eða ekkert eftir að hann gengur upp í ána til hrygningar.

Hrognin klekjast út á vorin. Í fyrstu lifa seiðin á forðanæringu sem þau hafa í kviðpokanum. Þau eru þá mjög ljósfælin og halda sig niðri í mölinni. Þegar kviðpokinn er búinn fara seiðin að nærast á litlum krabbadýrum (svif) og litlum skordýralirfum sem berast með straumnum. Eru þau háð því að straumhraðinn sé ekki of lítill. Þannig eiga þau mjög erfitt uppdráttar ef straumhraðinn er minni en 0.5 m. á sek.

Það gefur auga leið að seiðin myndu eyða of mikilli orku ef þau ættu stöðugt að berjast á móti straumnum. Þau eru því háð skjóli við botninn þar sem þau geta hafst við á milli þess sem þau fara upp í strauminn til að afla sér fæðu.

Eftir því sem seiðin stækka þurfa þau meira að éta. Þau leita þá í sterkari straum þar sem fæðuframboðið er meira og fæðudýrin stærri, en þurfa þá jafnframt grófari botn sem veitir meira skjól.

Samkeppnin um fæðuna getur verið mjög hörð, og laxaseiðin helga sér umráðasvæði sem þau verja gegn ágangi annarra seiða. Mörg seiði hrekjast á milli umráðasvæða annarra seiða, stressast og verða öðrum fiski og fugli að bráð, eða hreinlega drepast af næringarskorti. Þannig fer mikil orka (næring) forgörðum, þegar dauð seiði skolar til sjávar.

Af þessu getum við dregið þann lærdóm að athuganir á botngerð og straumlagi gefa mikilvægar upplýsingar um afkomumöguleika seiðanna. Kjörskilyrði laxaseiða hvað varðar botngerð og straum er smágrýttur til grýttur botn (steinastærð 5-30sm. í þvermál) á fremur grunnu straumvatni (straumur 0.50-1.25 m/sek.). Þar sem svo háttar til er áin einnig ríkust af fæðudýrum þeim er laxaseiðin lifa á, það er lirfum og púpum skordýra. Steinar þjóna laxaseiðunum því á þennan hátt, veita þeim fylgsni, var fyrir straumi og skapa þeim fæðudýrum bústað sem seiðin lifa á sand- eða fínum malarbotni skortir laxaseiðin fylgsni, var fyrir straumi og fæðu. Þannig er augljóst að seiðaframleiðsla árinna takmarkast að verulegu leiti af þessum þáttum, en oft í minna mæli af stærð hrygningarstofnsins. Ef hrygningarstofninn er of stór, gerist það oft að laxinn grefur undan hver öðrum við hrygningu, þ.e. fleiri þör velja sér sama hrygningarstað. Þar sem hrygningarstaðir eru ekki takmarkaðir verða afföllin í staðinn mun meiri á uppvaxtarskeiði

Athugun á botngerð Hvolsár og Staðarhólsár.

Hvolsá: Athugun á botngerð Hvolsár sýnir að neðri hluti hennar eða allt upp að ármótum Húsár og Hvolsár er lítt fallinn til uppeldis á laxaseiðum. Neðst í ánni er sandbotn en ofar er malarbotn sem er ágætur til hrygningar og þar geta lítil laxaseiði alist upp en með aukinni stærð eiga þau erfitt uppdráttar á malarbotninum og flest berast niður eftir ánni þar sem skilyrði fyrir þau eru hálfu verri. Er því líklegast að mestur hluti seiðanna drepist áður en þau ná göngustærð. Fyrir ofan Fremri-Brekku verður botngerðin betri og í gilinu er botninn góður en sennilega er vatnshitinn orðinn of lágur hér til að lax geti byggt þetta svæði á náttúrulegan hátt.

Staðarhólsá: Botn neðsta hluta Staðarhólsár, eða allt uppeftir að Bjarnastöðum samanstendur af mól eða sandi svipað og neðri hluti Hvolsár. Þá er botnskrið nokkuð á þessum hluta árinna. Hefur það neikvæð áhrif (bæði óbein og bein) á afkomumöguleika seiðanna.

Botninn á efri hluta árinna eða allt frá Þverfelli, er grýttur með malarköflum á milli. Hrygningarskilyrði eru góð hér, og sömuleiðis eru uppeldisskilyrðin góð. Sömu sögu má segja um Þverdalsá.

Aðalárnar sem mynda Staðarhólsá, Traðardalsá og Hvammsdalsá hafa grýttan botn og eru uppeldisskilyrðin góð í þeim báðum hvað varðar botngerð og straumlagi. Skammt fyrir ofan ármótin eru þó ófiskgengir fossar í báðum ánum og í Hvammsdalsá er einn foss sem er á milli Hvammsdalskots og fyrsta ófiskgenga fossins. Sá foss getur verið skeinuhættur niðurgönguseiðum og búast má við nokkrum afföllum í honum.

Helstu niðurstöður úr rafveiðunum 1979 og 1980.

Seiðamagnið á hverjum rafveiðistað er sýnt í töflu 1. Lengdar og aldursdreifing laxaseiðanna er ennfremur sýnd á mynd 2. (Í Þverdalsá gleymdust laxaseiði þau sem voru tekin frá til aldursgreiningar í jeppanum hans Kidda, og því eru eingöngu lengdarmæld seiði sýnd frá þeim rafveiðistað. Ekki er ólíklegt að þau séu öll þriggja ára). Ekki var gerð nein tilraun til þess að meta fjölda seiða á hverjum rafveiðistað, heldur var áhersla lögð á að fá hugmynd um útbreiðslu laxaseiða á vatnasvæðinu, aldur þeirra og vöxt.

Hvolsá: Eins og fram kemur í töflu 1 var rafveitt á þremur stöðum í Hvolsá 1979 og 1980. Er hægt að fullyrða að niðurstöður rafveiðanna gefi neikvæða mynd af möguleikum lax til að byggja Hvolsá á náttúrulegan hátt. Lítið af laxaseiðum veiddust í rafveiðunum og þau seiði sem veiddust, fengust á neðri hluta árinna þar sem botninn gefur litla möguleika fyrir uppeldi stórra seiða. Ofar í ánni þar sem botninn er góður til uppeldis á laxaseiðum veiddust einungis bleikjuseiði. Líklega stafar þetta vegna hins lága vatns-hita og verður vikið nánar að þessu atriði síðar í skýrslunni.

Staðarhólsá: Í rafveiðunum 1980 kemur í ljós að eins og tveggja ára árgangarnir eru fáliðaðir og veiddust aðeins í neðri hluta árinna. Á efri hlutanum fengust hinsvegar einungis þriggja ára seiði.

Í rafveiðunum 1979 fengust tveggja ára seiði undan Þverfelli. Það ætti því ekki að vera hægt að kenna þessum skorti á yngri seiðum á efri hlutanum því að laxinn hrygni ekki ofarlega í ánni.

Að svo stöddu er ekki hægt að fullyrða um hver skýringin á þessu er, en mér þykir líklegt að eftirfarandi gæti verið nærri lagi. Í Staðarhólsá (og Hvolsá) má búast við að seiðin komi nokkuð seint úr hrogni í meðalárferði. Vöxturinn er ennfremur lítil hjá seiðunum. Þegar fyrsti vetur gengur í garð (hjá yngstu seiðunum) eru mörg þeirra of smá til að lifa af veturinn. Þegar þar við bætist að vorið 1979 var óvenju kalt má segja að veturinn 1979-1980 hafi verið venju fremur langur. Seiði sem komu úr hrogni 1978 (eins árs 1979) hafa þá þurft að þola óvenju langan vetur, og gæti þetta þýtt að flest öll seiðin hafi drepist þá um veturinn. 1979 komu svo seiðin úr hrygningunni 1978 óvenju seint úr hrogni vegna hins kalda vors. Þau höfðu því stuttan vaxtartíma til að búa sig undir veturinn og voru velflest of lítil til þess að geta lifað hann af.

Árnar eru heitari í neðri hlutanum og því gæti nokkur hluti seiðanna þar hafa komið betur út en í efri hlutanum.

Helstu ályktanir og aðgerðir.

Af rafveiðunum má sjá að mörk hins byggilega fyrir laxaseiði í Hvolsá liggja einhversstaðar nálægt ármótum Húsár og Hvolsár. Ofarlega í Staðarhólsá virðast sum ár vera erfið viðkomu laxins.

Hugsanlega er flöskuhálsinn fyrsti veturinn eftir að seiðin koma úr hrogni, þ.e. seiðin ná ekki nægum þroska og stærð til þess að lifa af fyrsta veturinn vegna þess hve seint þau koma úr hrogni og lítils vaxtar fyrsta sumarið. Framhjá þessum flöskuhálsi má e.t.v. sneiða með því að setja "sumaralin" seiði í árnar, þá ofarlega í Hvolsá og á ófiskgenga hluta Traðardals-og Hvammsdalsár. Þessi seiði eru u.þ.b. 4-5 sm. í júní þegar þeim er sleppt og jafnstór eins árs seiðum úr ánni.

Samkvæmt framansögðu legg ég því til að "sumaröldum seiðum" verði sleppt á efri hluta Hvolsár (fyrir ofan Fremri-Brekku). Sumaröldum seiðum mætti einnig sleppa í Þverðalsá fyrir ofan Þverdal. Sömuleiðis mætti sleppa seiðum á ófiskgenga hluta Traðardals-og Hvammsdalsár, en það má líka reyna að bera lax upp fyrir fossana og láta hann hrygna þar, en óvíst er hvort árangurinn yrði nægilega góður, vegna kuldans í ánum.

Vegna þess að einn fosinn í Hvammsdalsá getur verið skeinuhættur seiðum verður e.t.v. að gera einhverjar ráðstafanir síðar meir til þess að koma seiðunum óhultum niður fossinn.

Ef hrygning og klak heppnast hjá laxi sem bornir eru upp fyrir fossana ætti að vera óþarfi að sleppa sumaröldum seiðum þar.

Árangurinn af hrygningunni er þó varla hægt að kanna fyrr en að tveimur árum liðnum (þ.e. þegar seiðin eru eins árs). Sumarið eftir að lax hefur verið borinn upp fyrir fossana má ekki sleppa "sumaröldum" seiðum á það svæði ef hægt á að vera að aðgreina náttúruleg seiði frá "sumaröldum".

Einskonar áætlun um aðgerðir sem gætu stuðlað að aukinni laxagengd í árnar gæti þá verið eitthvað á þessa lund.

Í sumar. Sumaröldum seiðum verði sleppt á efri hluta Hvolsár, ca. 4000 stk. eða minna. Á ófiskgeng svæði Traðardals-og Hvammsdalsár verði sleppt 4000 og 3000 (eða minna) sumaröldum seiðum. Í Þverðalsá mætti einnig sleppa 1200 seiðum eða minna.

Í haust. Laxar verði bornir upp fyrir fossana í Traðardals-og Hvammsdalsá. Í Traðardalsá þarf 5 hrygnur og ca. 3-4 hængi. Í Hvammsdalsá þarf 4 hrygnur og ca. 2-3 hængi.

Næsta sumar. Sleppingum á sumaröldum seiðum verði haldið áfram

í Hvolsá og Þverðalsá, en ekki verði sleppt í Traðardalsá og Hvammsdalsá.


Ef þið sleppið 5000 seiðum í ár tel ég að þeim væri best skipt á milli Hvolsár og Traðardalsár.

Sumaröldum seiðum verður að dreifa vel, ekki í hylji, heldur á brot og þar sem grýttur botn er. Ágætis viðmiðunarregla við dreifingu seiðanna er sú að láta eitt seiði í ána frá sitthvorum bakkanum við hvert skref sem stigið er.

Ég tel unnt að auka framleiðni Hvolsár og Staðarhólsár með gerð fæðutjarna ofarlega í ánum og bendi ég á grein þaraðlútandi eftir Rolf Gydemo og Jón Kristjánsson. í 10 tbl. Freys frá maí 1980, Fæðutjarnir og rotþrær.

Að lokum vil ég taka eitt fram. Í fremri hluta Hvolsár veiddust bleikjuseiði. Ef laxaseiði verða látin í Hvolsána er hætt við því að þau taki bestu svæðin í ánni á kostnað bleikjuseiðanna. Sjóbleikju gæti því fækkað eitthvað með þessum aðgerðum, en hinsvegar má búast við því að Brekkuáin sé aðalframleiðslusvæði sjóbleikju, og því óvíst hvort fækkunin yrði umtalsverð.

HVOLSÁ OG STAÐARHÓLSÁ



1:100000

Tafla 1. Niðurstöður rafveiða 1979 og 1980.

Ár	Á	Rafveiðistaðir	Botngerð	Fj. laxaseiða 1+ 2+ 3+	Fj. bleikjuseiða	Fj. urriðaseiða
1979	Staðarhólsá	100m.f.n. Staðar- a { hól	malarbotn	6	4	
		b f.n. Þverfell	grýttur botn	1	7	1
	Hvolsá	c skammt f.o.Hvol	malarbotn			3
		d { skammt f.n.sleppi- tjörn	malarbotn		2	2
		e f.n.gillið	grýttur botn			5
1980	Staðarhólsá	1. við sleppitjörn	malarbotn	5	4	
	Þverdalsá	2. við ármótin	grýttur botn			1
		3. f.n. Þverdal	grýttur botn		11 ⁹	
		4. f.o. Þverdal	grýttur botn		4	
	Traðardalsá	5. 50m.f.o.ármótin	grýttur botn		8	
	Hvolsá	6. 1 km.f.o.Hvol	malarbotn		3	7
		7. 50m.f.o.ármót Húsár og Hvolsár	malarbotn			15
		8. í ofarlega í gilinu í Svínadal	grýttur botn			6

MYND 2.

STADARHÓLSÁ OG HVOLSÁ
 RAFVEIDD SEIÐI 1979 OG 1980
 (LENGDAR- OG ALDURSDREIFING)

